

**Sp.**

**234. Breytingartillögur**

**[1. mál]**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1983.

Frá ríkisstjórninni.

Við 6. gr. Nýir liðir:

- 3.9 Að veita ríkisábyrgð vegna erlendra vörukaupalána til raðsmíði fiskiskipa fyrir allt að 20% smíðaverðs hvers skips.
- 3.10 Að ábyrgjast lán allt að 80 millj. kr. sem tekið yrði af Áburðarverksmiðju ríkisins hjá Seðlabanka Íslands.
- 3.11 Að veita Flugleiðum hf. sjálfskuldarábyrgð gegn þeim tryggingum, sem fjármálaráðherra metur gildar, á láni sem nemur allt að 1.9 milljónum bandaríkjadala eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum og tekið er til eins árs í því skyni að mæta rekstrarhalla, ef verður á flugi félagsins milli Luxemborgar og Bandaríkjanna frá 1. október 1982 til 30. september 1983. Ríkissjóði er jafnframt heimilt að standa undir vöxtum af láni þessu.  
Lendingargjöld, leigugjöld vegna aðstöðu á Keflavíkurflugvelli, svo og tekju- og eignarskatt og launaskatt og önnur gjöld, ber félaginu að greiða á réttum gjalddögum, en þann hluta þessara gjalda, sem rekja má til Norður-Atlantshafsflugsins, fær félagið endurgreiddan við skuldauppgjör, sbr. 3. mgr.  
Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1984 skal tillaga gerð um hlutdeild ríkissjóðs í uppgjöri þessa láns með hliðsjón af rekstrarafkomu fyrirtækisins á ofangreindri flugleið umrætt tímabil, að teknu tilliti til þeirrar endurgreiðslu, sem um ræðir í 2. mgr., og miðað við þær tekjur, sem telja má að ríkissjóður hafi haft undanfarin ár af flugi á umræddri flugleið.
- 6.16 Að taka erlent lán allt að 850 millj. kr. eða jafnvirði þess í erlendri mynt. Lánsfénu er ætlað að verja til fjármögnunar í samræmi við endurskodaða lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 allt að 240 millj. kr., til nauðsynlegra greiðslna á árinu 1983 samkvæmt ákvæðum fjárlaga 1983 og til fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og/eða sveitarfélaga í samráði við fjárveitinganefnd.
- 6.17 Að taka lán allt að 10 millj. kr. vegna flugstöðvar í Keflavík.